

BÍL A V E R K S T Æ Ð I

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR

Sími 564 0400

Bílaraf

www.bilaraf.is

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður


-stöðin
TAXI
Hafnfirski
leigubílastöðin
520 1212




MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook/vonmathus

Fundur opnaður eftir mikla gagnrýni

Kynningarfundur um fjárhagsáætlun ekki lengur lokaður

Tillaga til fjárhagsáætlunar fyrir Hafnarfjörð var lögð fram í gær á bæjarstjórnarfund. Undanfarin ár hefur verið mikil leynd yfir tillögunni og hún hefur ekki verið birt fyrr en fundur hefst. Eftir ítrekaða gangrýni var fjárhagsáætlunin birt á vef bæjarins sl. mánudag og kynnt fyrir bæjarfulltrúum á opnum fundi rétt fyrir bæjarstjórnarfundinn í gær. Þessir fundir hafa hingað til verið lokaðir en nú var einnig beint streymi frá honum á vef bæjarins.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir viðsnúningi í rekstri og segir bæjarstjóri að með henni sé stefnt að því að auka þjónustu, draga úr álögum á íbúa, greiða niður skuldir og fjárfesta í auknum mæli fyrir eigið fé.

Áætlað er að veltufé frá rekstri verði samtals 3,4 milljarðar kr. og þar af 1 milljarður frá B-hluta fyrirtækjum.

Nánar er fjallað um fjárhagsáætlunina á bls. 4 hér í blaðinu.



Ennþá þarf að skera niður, líka í fjármálum.



Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is


KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

 **HÚSASMÍÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

Samtengjanlegar
LED útiseríur
50 ljósa

FROST 



Jólatilboð
2.990 kr
~~3.990 kr~~

14500290-293

Byggjum á betra verði

www.husa.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Því er hampað að frístunda-
styrkir Hafnarfjarðarbæjar hafi
verið hækkaðir frá 1. nóvember.
Fyrir þá foreldra sem hafa átt
áhugasöm börn sem vilja taka
þátt í fleiri en einni grein og auka þannig
sjóndeildarhring sinn, kynnast t.d. skáklistinni,
skátastarfi eða bardagaíþrótt um leið og þau fá
útrás fyrir boltaáhuganum í vinsælli íþróttagrein,
þá þýðir þetta lækun!

Eitt af því sem ég met sem verðmætt í minni
æsku er það að ég fékk tækifæri á að kynnast
fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi. Ég var í
skátunum, spilaði fótbolta á sumrin, handbolta á
vetur, tók þátt í starfi KFUM, æfði badminton
og örlítið frjálssar íþróttir. Þá voru greidd félagsgjöld
sem voru lág enda gáfu allir vinnu sína. Á
einhverjum tímupunkti velur maður úr, sérstaklega
ef lögd er stund á keppnisíþrótt sem gefur ekki
mikinn tíma fyrir annað.

Nýtt fyrirkomulag getur komið í veg fyrir það að
krakkar kynnast fjölbreyttu æskulýðsstarfi og er
það miður. Það jákvæða er að fyrir þau börn sem
stunda aðeins eina grein, þá hækkar styrkurinn og
lengist til 17 ára aldurs. Hins vegar hafa æfingagjöld
oftast tekið mið af niðurgreiðslunum og hætt er við
að æfingagjöldin hækki með hækun frístunda-
styrksins og þá fer hagrur foreldra fyrir lítið og
hækkunin þá í raun beinn styrkur til félaganna.

Ég hvet fólk til að fylgjast vel með æfingagjöldum
félaganna sem eiga að vera kynnt með áberandi
hætti á heimasíðum þeirra.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFÐÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA




ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR



Frímann
s: 897 2468



Hálfðán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 13. nóvember

Fjölskylduhátíð kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

**Börn úr Skólahljómsveit
Víðistaðaskóla**
spila undir stjórn Vigdísar Klöru Aradóttur.

Umsjón: Bragi og Helga Þórdís.

Kaffi, djús og kex eftir guðspjónustu.

**Bíbliuleg íhugun og bæn
á mánudögum kl. 17:30**

**Kyrrðarstund
á miðvikudögum kl. 12:00.**
Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is


Þú nærð til allra Hafnfirðinga!

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Fjölmennt á Sólvangsdegi

Góð stemmning var á árlegum Sólvangsdegi á
laugardaginn og fjölmargir komu í heimsókn, keyptu
sér vöfflukaffi, heilsuðu upp á fólk og nutu dagsins.



Fríkirkjan í Hafnarfirði

Sunnudagur 13. nóvember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Guðspjónusta kl. 13

Sjá nánar á www.frikirkja.is
og á Facebook

Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 13. nóvember

**Kristniboðsdagurinn
Messa kl. 11**

Skúli Svavarsson, kristniboði prédikar.

Sunnudagaskóli kl. 11

**Miðvikudaga
Starf eldri borgara kl. 13.30**

www.astjarnarkirkja.is



Glæsilegt konukvöld í Firði í kvöld

Bjartmar og Geir Ólafsson syngja – opið kl. 19-22

Konukvöld Fjarðar verður haldið í kvöld, fimmtudag kl. 19-22 í verslunarmiðstöðinni.

Að sögn skipuleggjenda verður þetta einstaklega veglegur viðburður og með flottari konukvöldum fyrir vinkonur verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar.

TÍSKUSÝNING KL. 20.30

Tískusýning verslana í Firði verður kl. 20.30 auk þess sem kynningar verða á heilsuvörum, snyrtivörum og veitingum. Fyrstu 100 konurnar sem mæta

fá veglega gjafapoka og veitingar verða í boði í fljótandi og föstu formi.

Skemmtidagskráin er ekki af verri endanum en Haffi Haff verður veislustjóri kvöldsins og mun halda fjörinu gangandi.

DAGSKRÁ

19.00 Haffi Haff byrjar gleðina og syngur nokkur vel valin lög

19.30 Bjartmar Guðlaugsson les og syngur - Þannig týnist tíminn.

20.00 Björgvins Franz og Esther Jökuls - Hnallþóruról

20.30 Tískusýning

21.00 Geir Ólafsson syngur slagara úr Las Vegas Christmas sýningu sinni.

Friðrik Agni Arnason alþjóðlegur zumbakennari sem hefur kennt zumba í Svíþjóð, Dubai, Bandaríkjunum og á Íslandi kynnir Zumba Fitness og auðvitað dansa allir með!

Tantra verður með kynningu á hjálpartækjum ástarlífsins.

HAPPDRAETTI

Veglegt Facebook happdraetti verður og dregið á 20 mínútna fresti. Sjá nánar undir Fjörður á Facebook. Vinningarnir er einstaklega glæsilegir:

Nýtt Gyðjuúr ársins að verðmæti

24.900 kr. frá Gyðju Collection

Refahúfa að verðmæti 34.900 kr. frá Smart Boutique

20.000 kr. gjafabréf frá Dís Design

20.000 kr. gjafabréf frá Herra Hafnarfirði

20.000 kr. gjafabréf frá Kona

20.000 kr. gjafabréf frá Skóhöllinni

20.000 kr. gjafabréf frá Úr og Gull

10.000 kr. gjafabréf frá Carter

10.000 kr. gjafabréf frá Leikfangalandi

Klukka frá Gjafahorninu

25.000 kr. gjafabréf á óhefðbundið

portrett frá Ólöfu Björgu, gildir einnig

sem inneign upp í stærra málverk

5 miðar á The Las Vegas Christmas

Show að verðmæti 30.000 kr.

3 gjafabréf í JSB rækt 4 vikna kort

Gjafabréf í andlitsbað frá snyrtistofu

Rósu

H&E design gefa 3 slaufur að

verðmæti 13.500.-

Vinnigshafi verður að vera á staðnum

þegar nafnið hans er dregið úr pottinum,

annars er dregið aftur.



Ók niður staur og valt

Um kvöldmatarleytið á föstudag lenti sendibífið á ljósastaur á Reykjanesbraut. Var bifreiðin á leið í austurátt, sunnan við kirkjugarðinn við fráreinina upp á Kaldárselsveg. Staurinn er sk. brotstaur sem er hannaður þannig að boltar sem halda staurum við undirstöðu eiga að renna út úr sæti sínu við árekstur. Eins og sést á meðfylgjandi mynd virkaði þessi búnaður ekki. Er þetta ekki óalgengt enda voru staurarnir ekki árekstrarprófaðir við hönnun þeirra. Staurinn dróst allur upp úr

jörðinni og endaði alllangt frá upprunalegum stað hans. Bíllinn valt og er mikið skemmdur en sem betur fer slasaðist enginn.

Lögregla vildi ekkert gefa upp um orsakir árekstursins en staðfesti þó að ekki hafi verið hálka á veginum en þarna getur oft orðið launhált þegar kólnar. Slökkviliðið aðstoðaði við að hreinsa upp á staðnum og var fráreinin lokað um nokkurn tíma svo og önnur akreir Reykjanesbrautar. Ekki var mikil umferð á þessum tíma.

36% hagnaður af rekstri Vatnsveitu

B-hluta fyrirtæki eiga að skila 539 milljón kr. hagnaði

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að 140 milljón kr. afgangur verði af Vatnsveitu Hafnarfjarðar en heildartekjur veitunnar eru 384 milljónir kr. Þýðir það að hagnaðurinn er 36,5% af tekjum. Þetta er þrátt fyrir að Vatnsveitan muni auka hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu um 4,5 milljónir kr. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, m.a. vegna launavinnslu og hlutdeilda í allri almenri stjórnsýslu og stjórnun.

Ekki er gert ráð fyrir nema um 37 milljón kr. framkvæmdum Vatnsveitunnar þar sem mestu munar um 30 millj. kr. til endunýjunar heimæða.

B-hluta fyrirtækin eru að skila hlutfallslega góðum rekstrarafgangi til bæjarins, Fráveitan skilar 32,7% hagnaði og Hafnarfjarðarhöfn er að skila 26,2% hagnaði.

Alls er áætlaður hagnaður þessara þriggja B-hluta fyrirtækja á árinu 2017 539 milljónir kr., þar af 246 millj. kr. af Fráveitu.

Hlutdeildarkostnaður til umhverfis- og skipulagsþjónustu er einnig hækkadur um 4,5 millj. kr. hjá Fráveitu en velta Fráveitu er 753 milljónir kr. en Vatnsveitu aðeins 384 milljónir kr. Munu Vatnsveita og Fráveita greiða 79,5 millj. kr. hvor.

Sjá nánar á bls. 4.



Staurinn á að losna af undirstöðu en gerði það ekki

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

Íbúafundur verður haldinn í Bæjarbíó þriðjudaginn 15. nóvember kl. 20

Kynning og samtal um frumvarp að áætlun. Bæjarbúar eru hvattir til að mæta. Nánar á hafnarfjardur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjardur.is



Stefnt að miklum umbótum í rekstri

Fjárhagsáætlun fyrir Hafnarfjarðarbæ var lögð fram í bærstjórn í gær

Tillaga til fjárhagsáætlunar var lögð fram í bærstjórn í gær. Var hún kynnt á opnum fundi á undan bærstjórn og var sýnt frá fundinum á vef bæjarins.

Bærstjóri segist mjög stoltur af þessari áætlun sem sýni að góður árangur sé að nást í rekstri bæjarins. „Ég vil þakka starfsfólki bæjarins sem hefur komið að áætlunargerðinni fyrir þá góðu vinnu sem lögð hefur verið í hana. Verði áfram rétt haldið á málum eru hjartir timar framundan í Hafnarfirði. Jafnframt vil ég þakka öllu starfsfólki sveitarfélagsins fyrir faglegt framlag sem er að skila þeim árangri sem náðst hefur í rekstri bæjarins. Með virkri þátttöku allra er umbreyting sem þessi gerleg og það ber að þakka sérstaklega,“ segir Haraldur L. Haraldsson bærstjóri í greinargerð með tillögu til fjárhagsáætlunar fyrir 2017.

Gerður er fyrirvari um að samkomulag um lausn á neikvæðri stöðu lífeyrissjóða, LSR og Brú með aðkomu ríkisins er í uppnámi og óljóst hver niðurstaðan verður. Takist ekki að semja um þessi mál fyrir áramót hækka mótframlög lífeyrissjóðsiðgjalda í sjóðina um 3,6–4,8% á næsta ári. Mun það þýða um 280 milljónir kr. í aukningu launatengdra gjalda á árinu 2017. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa við gerð fjárhagsáætlunar en það myndi að óbreyttu gera það að halli yrið á rekstri A-hluta bæjarsjóðs.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR Í FRUMVARPI TIL FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2017 ERU EFTIRFARANDI:

Rekstramiðurstaða A- og B-hluta verður jákvæð um 554,4 milljónir kr. og rekstramiðurstaða A-hluta jákvæð um 45,3 milljónir kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 49,4 milljarðar kr. í árslok 2017, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,5 milljarðar kr. og eigið fé um 8,9 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 2,4 milljarðar kr. og samantekið

fyrir A- og B-hluta 3,4 milljarðar kr., sem er um 14,3% af heildartekjum.

Áætlað er að selja lóðir í Skarðshlíð fyrir 1.000 milljónir kr. og iðnaðarlóðir fyrir 200 milljónir kr.


Áætlað er að fjárfesta fyrir 3.365,5 milljónir kr. Er þetta ýmsar nýframkvæmdir, samtals að fjárhæð 1.365,5

þannig að álagning í krónum talið standi nánast í stað eða lækki lítilla þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Fjórhæð árið í röð verða dvalargjöld á leikskólum þau sömu. Er þetta aðgerðir sem miða að því að draga úr álögum á íbúa þrátt fyrir almennar verðlagshækkunarir.

STEFNIR Í BETRI REKSTRARNIÐURSTÖÐU 2016 EN ÁÆTLAÐ

Umtalsverður halli var á rekstri sveitarfélagsins árið 2015 en fjárhagsáætlun ársins 2016 gerði ráð fyrir verulegum breytingum í rekstri frá því sem var árið á undan. Rekstramiðurstaða fyrri hluta árs 2016 var jákvæð um 483 milljónir kr. en áætlun gerði ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði 134 milljónir kr. fyrstu sex mánuði ársins. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í lok árs 2016 og verulegri aukningu í veltufé frá rekstri. Samkvæmt útkomuspá bendir ekkert til annars en að þetta gangi eftir og jafnvel betur en áætlunin gerir ráð fyrir. Einnig stefnir í að árið 2016 verði fyrsta árið í sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar, a.m.k. frá árinu 2002, þar sem sveitarfélagið tekur engin lán.

Í fjárhagsáætlun fyrir 2015 var gert ráð fyrir 219 milljón kr. rekstrarafgangi af A- og B-hluta en niðurstaðan varð 1.062 millj. kr. rekstrarhalli en var 388 millj. kr. halli eftir fyrstu 6 mánuði. Í fjárhagsáætlun 2016 var gert ráð fyrir 361 millj. kr. rekstrarafgangi en í 6 mánaða uppgjöri var staðan 389 millj. kr. rekstrarhalli. Þó gerir bærstjóri ráð fyrir í útkomuspá að rekstrarafgangur



Rekstrarafkoma 2008-2020 í milljónum kr. (* útkomuspá)

milljónir kr., sem verða fjármagnaðar með veltufé frá rekstri. Framkvæmdir við nýjan grunnskóla í Skarðshlíð að fjárhæð 1.000 milljónir kr. verða fjármagnaðar með sölu lóða í Skarðshlíð og framkvæmdir við hjúkrunarheimili á Sólvangsgreið að fjárhæð 1.000 milljónir kr. verða fjármagnaðar með lántöku. Ríkissjóður mun greiða fyrir afnot af hjúkrunarheimilinu með leigugreiðslum.


Almennt er gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2017 í samræmi við áætlaða vísitöluhækkun eða 3,9%. Þó mun dvalargjald í leikskóla haldast óbreytt.

0,28% LÆKKUN ÚTSVARIS

Fjárhagsáætlun ársins 2017 gerir ráð fyrir að útsvar verði lækkað úr 14,52%, sem er hámarksútsvarsprósenta, í 14,48%. Útsvar hefur verið í hámarki í Hafnarfirði frá 1998 en þá var það 12,04%. Útsvar í Hafnarfirði var síðast 14,48% árin 2011-2013.

Þá er gert ráð fyrir að álagningaprósenta fasteignaskatts og holræsa- og vatnsgjalds lækki á íbúðarhúsnæði

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,34% í 0,31% eða um 8,8% en er ennþá töluvert fyrir ofan þau 0,28% sem álagningin var árið 2015. Alls hækkar álagningarstofn íbúðarhúsnæði um 11,8% og þar af um 9,4% vegna hækkunar fasteignamats.



Fjárfestingar 2008-2020 í milljónum kr. (* útkomuspá)

Holræsgjald lækkar úr 0,165% í 0,155% og vatnsgjald úr 0,075% í 0,07%. Þrátt fyrir það er áætlað að bæði Vatnsveita og Fráveita skili hlutfallslega mjög háum hagnaði; 36,5% og 32,7%. Var álagningarprósenta þó lækkuð verulega á síðasta ári, úr 0,195% hjá Fráveitu og 0,105% hjá Vatnsveitu.

AUKIN ÞJÓNUSTA


Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum umfram almennar verðlagshækkunarir í fjárhagsáætluninni, samtals að fjárhæð um 390 milljónum kr. Um er að ræða m.a. aukin framlög til leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu, menningarmála og umhverfisþjónustu sem skýrð verða frekar síðar í þessari greinargerð.

verði betri en áætlað er skv. fjárhagsáætlun fyrir 2016

HELSTU FRAMKVÆMDIR

Verja á 3.366 milljónum til framkvæmda á árinu 2017 og þar af með lántöku fyrir 1 milljarð og sölu lóða fyrir 1 milljarð. Helstu framkvæmdir eru eftirfarandi:

Verk	millj. kr.
Hjúkrunarheimili við Sólvang	1.000
Leik- og grunnskóli Skarðshlíð	1.000
Gatnamót við Krýsuvíkurveg	200
Körfboltahús Ásvöllum	200
Félagslegar í búðir	200
Hringtorg við Álfhelli	70
Flýti framkvæmdir í Kaplakrika	67
Fráveitulagnir Vellir	50



Veltufé frá rekstri 2008-2020 í milljónum kr. (* útkomuspá)

SKULDAHLUTFALL LÆKKAR

Skuldahlutfall Hafnarfjarðarbæjar verður samkvæmt áætlun 170% í lok árs 2017 en var 194% í árslok 2015.

Útkomuspá gerir ráð fyrir að skuldaviðmið verði 150,9% í árslok 2016. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 verður skuldaviðmið 142% í lok þess árs.

Gera verður fyrirvara um að ekki liggur fyrir hvernig farið verður með reiknaðar en ógjaldfærðar og ógreiddar lífeyrisskuldbindingar sem gætu haft áhrif til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins og þar með skuldum. Gerist það mun það hafa áhrif til hækkunar á skuldahlutfalli og skuldaviðmiði.

Skuldaviðmiðið var 170% í árslok 2015. Gangi áætlun eftir er ljóst að

skuldaviðmiðið mun fara niður fyrir 150% hlutfallið á árinu 2017.

Söluandvirði iðnaðarlóða á Völlum verður nýtt til að greiða niður skuldir.

FYRIRVARAR OG ÓVISSUPÆTTIR

Áætlun Jöfnunarsjóðs liggur ekki fyrir en fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar-kaupstaðar gerir ráð fyrir hækkun í takt við þjóðhagsspá. Kjarasamningar grunnskólakennara og tónlistarskólakennara í stéttarfélagi FT eru lausir en reynt er að áætla vænta hækkun á þeim. Ekki hefur verið tekið tillit til hugsanlegra hækkunar á mótframlögum lífeyrissjóða LSR og Brúar vegna óvissu um afkomu þeirra. Muni þau hækka getur það þýtt um 280 milljóna kr. hækkun launatengdra gjalda á árinu 2017.


Rífa á Dverg á næsta ári

Í tillögu til fjárhagsáætlunar kemur fram að ákveðið hefur verið að rífa Dverg, Lækjargötu 2, á árinu 2017 en Hafnarfjarðarbær eignaðist loks allt húsið á árinu.

Gert er ráð fyrir að söluandvirði lóða á svæðinu standi undir kostnaði við niðurrifin.

Í tengslum við ríf á Dverg verður farið í að endurgera Lækjargötu á þeim kafla. Endurnýjaðar verða lagnir, gatnayfirborð og gönguleiðir.

Skipulagsforsögn frá 2013 var samþykkt í skipulags- og byggingarráði í janúar sl. Þar sem kemur fram að byggingarmagn geti verið allt að 2.000 m² á tveimur hæðum og nýtanlegt ris.



Skuldahlutfall og skuldaviðmið 2013-2020 (* útkomuspá)



OKKAR KLEINUHRINGIR

girnilegir og gómsætir

Vort
daglegt
bráud

Meira fyrir minna

- 4 kleinuhringir á 1.000 kr.
- 6 kleinuhringir á 1.450 kr.
- 9 kleinuhringir á 2.000 kr.
- 12 kleinuhringir á 2.600 kr.

*Verið
velkomin*

Strandgötu 49 - Hafnarfirði - Sími 555 4046

Verkfærasalan með nýja verslun

Gríðarlegt úrval af vönduðum verkfærum í nýrri verslun við Dalshraun

Verkfærasalan opnaði sl. föstudag nýja, glæsilega verslun að Dalshrauni 13, við hliðina á Húsasmíðjunni.

Verkfærasalan var stofnuð árið 1997 með það markmið að flytja inn vélar og verkfæri fyrir byggingar- og málmiðnað og hefur ávallt verið til húsa að Síðumúla 11.

Þetta er fjölskyldufyrirtæki í eigu Hafnirðinganna og hjónanna Þorlaks Marteinsonar og Unnar Bjarnþórsdóttur sem bæði starfa við fyrirtækið, Þorlákur sem framkvæmdastjóri og Unnur sem fjármálastjóri.



Börn þeirra Bjarnþór, Margrét og Marteinn Guðberg starfa einnig við fyrirtækið.

Verslunin á Dalshrauninu er til viðbótar við verslunina við Síðumúlan og þar eru öll bestu verkfærin í boði. Gríðarlegt úrval er af hinni vönduðu Milwaukee línu og einnig mjög gott úrval af Ryobi rafmagnverkfærum. Þá er mikið úrval af vönduðum handverkfærum frá Hultafors, Knipex, Yato

og Wera svo eitthvað sé nefnt og mikið af aukahlutum og rekstrarvörum.

Þjónustar Verkfærasalan bæði járn- og tréiðnað með verkfæri og ýmsar rekstrarvörur

Hafnirðingurinn Hafsteinn Haraldsson er verslunarstjóri í hinni nýju verslun og var mikið að gera á opnunardeginn og fólk streymdi að.



F.v. Pétur Guðmundsson, Hafsteinn Haraldsson verslunarstjóri, Marteinn G. Þorláksson og Bjarnþór Þorláksson



Milwaukee verkfærin eru flaggskip Verkfærasöluinnar og úrvalið er mikið.

Vel heppnuð „Októberfest“



Haukar stóðu fyrir „Októberfest“ sl. föstudag á Ásvöllum og var mikið lagt í að gera hátíðina glæsilega. Var fullt hús og skemmti fólk sér mjög vel undir söng og spili Ingvars Jónssonar og sötraði veigar og japlaði á hvers kyns brauðmeti og pylsum að hætti Þjóðverja. Októberfest er haldin árlega í München, höfðuborg Bæjarlands

Haukarnir létu það ekki aftra sér að októbermánuður væri liðinn. Kom fram að vilji er til þess að gera hátíðina miklu stærri og fylla íþróttasalinn en



Réttur klæðnaður skiptir miklu máli og þarf ekki oft mikið til. Enginn sást þó í lederhosen, en nú er ár í næstu hátíð og góður tíma að fá sér slíkar.



hátíðin er ætluð öllum bæjarbúum, og skiptir ekki máli með hvaða liði menn halda.

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfréttar

Leikfélag Hafnarfjarðar húsnæðislaust

Ekki með í nýjum samningi bæjarins við Gaflaraleikhúsið

Menningar- og ferðamálanefnd hefur staðfest samning milli Hafnarfjarðarbæjar og Gaflaraleikhússins. Var það gert á fundi nefndarinnar sl. laugardag. Er þetta í raun framlenging á fyrri samningi sem var á milli aðila og Leikfélags Hafnarfjarðar. Leikfélag Hafnarfjarðar sagði upp samningnum í sumar og taldi að forsendur fyrir samstarfinu væru brostnar. Félagið hafi ekki fengið þá aðstöðu sem kvæði á í samningnum og ekki væri hægt að reka leikfélagið við þau skilyrði sem félagið hafi búið við.

Segir Gísli Björn Heimisson formaður Leikfélags Hafnarfjarðar að félagið þurfi fasta aðstöðu undir gróskumikið starf félagsins. Við núverandi aðstæður þurfi félagið að aðlaga sig að þeirri leikmynd sem er í húsinu



Frá sýningu félagsins í vor, Ekkert að Óttast sem var bráðskemmtilegur gamanleikur.

hverju sinni en leikmyndir séu ekki gerðar þannig að hægt sé að færa þær á einfaldan hátt. Segir hann félagið verða húsnæðislaust eftir tæpan mánuð og engin lausn sé í sjónmáli.

Á félagsfundum fyrir tæpum tveimur vikum síðan hafi verið einróma samþykkt að halda samstarfinu ekki áfram. Engar forsendur hafi breyst með nýjum samningi og félagið því í lausu lofi. Segir hann að félagið hafi fengið þau svör að upphæð samningsins breyttist

ekki þó félagið færi út úr honum. Leitar félagið nú að nýju húsnæði undir starfseminu og er í mikilli óvissu með stuðning bæjaryfirvalda við áframhaldandi starf leikfélagsins.

80 ÁRA FÉLAG HÚSNÆÐISLAUST

Leikfélag Hafnarfjarðar er talið hafa verið stofnað 19. apríl 1936 og var strax gróska í starfi þess og voru sýningar í Gúttó og síðar í Bæjarbíói til 1965 er

starfsemin lagðist í dvala að mestu til 1983 er leikritið Bubbi kóngur var sett upp í Bæjarbíói. Þegar Kvikmyndasafn Íslands fékk Bæjarbíói árið 1999 fór félagið á hrakhóla þrátt fyrir loforð bæjaryfirvalda um húsnæði. Var félagið um nokkurt skeið í samstarfi við Hermód og Háðvör í húsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar en fluttist árið 2004 í gamla Lækjarskóla þegar Bæjarútgerðin var rifin. Hefur félagið verið í samstarfi við Gaflaraleikhúsið frá 2011.

LEIKFÉLAG HAFNARFJARÐAR



Ákvörðun um hækkun launa bæjarfulltrúa frestað

Í framhaldi af grein um hækkun launa bæjarfulltrúa í síðasta blaði er rétt að geta að Sverrir Garðarsson hefur einnig full laun sem varafulltrúi í bæjarráði og eru heildarlaun hans því 527.976 kr. en bæjarfulltrúar fá 108.884 kr. fyrir setu í ráðinu.

Bæjarráð frestaði í síðustu viku að afgreiða tillögu Samfylkingar og Vinstri grænna sem lögðu til að úrskurður kjararáðs yrði ekki til þess að hækka laun kjörinna fulltrúa í Hafnarfirði.

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

Beta EASY

Vnr. 009031965 Vnr. 009031983

2016
verkfæri

Beta Easy
fyrir heimilið
og skúrinn

Topplyklasett
35 hluta - 1/4\"/>

Tilboð: 6.929 kr.

Topplyklasett
93 hluta - 1/4\" & 1/2\"/>

Tilboð: 17.818 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDNVELAR ehf. | Smíðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



netto

VELKOMIN
- í -
NÝJA & GLÆSILEGA VERSLUN
MIÐVANGI
HAFNARFIRÐI
ÓPIÐ 10 - 21 ALLA DAGA

-48%

KEA LÉTTREYKTUR
LAMBAHRYGGUR
ÁÐUR: 2.698 KR/KG
2.077 KR/KG

-23%

KEA

Gerum
það fírnilegt ...

ÖND HEIL 2,1 KG
FROSIN
ÁÐUR: 1.904 KR/KG
990 KR/KG

Gott og
framandi

SIGINN ÞORSKUR
FROSINN
ÁÐUR: 2.198 KR/KG
1.758 KR/KG

-20%

MYLLU
RÚGBRAUÐSKUBBUR
600 G
ÁÐUR: 276 KR/STK
199 KR/STK



-28%

KENGURU FILLE
FROSIN
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.198 KR/KG

-20%



-25%

Pasta ferskt á
25% afslætti

14
TEGUNDIR



COOP BLÓMKÁL &
BROKKOLÍ - FROSIN
ÁÐUR: 389 KR/PK
289 KR/PK



DALOON MEATFREE
2 GERÐIR - FROSIN
ÁÐUR: 499 KR/PK
399 KR/PK

NÝTT Í
netto



CADBURY FINGERS
MJÓLK SÚKKULAFI 114 G
ÁÐUR: 198 KR/PK
149 KR/PK

KINDER BUENO
3 PK 129 G
ÁÐUR: 399 KR/PK
299 KR/PK

NESTLE KIT KAT
4PK 4X41. 5 GR
ÁÐUR: 299 KR/PK
199 KR/PK



ÓDYRT
PIPARKÖKUR - 300 G
269 KR/PK



ANNA'S
PIPARKÖKUR - 375 G
498 KR/PK

ANNAS
PIPARKÖKUHÚS 300 G
599 KR/PK

Nettó Hafnarfirði | Miðvangi 41 | Tilboðin gilda 10. - 13. nóvember 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAMBABÓGUR KYLFA
2 STK. FROSINN
ÁÐUR: 998 KR/KG
848 KR/KG ❄️



KJARNAFÆÐI

-30%

SÚPUKJÖT
FROSID
ÁÐUR: 998 KR/KG
699 KR/KG ❄️



GÆSABRINGUR
FROSINAR
ÁÐUR: 3.498 KR/KG
2.798 KR/KG ❄️

-20%



NAUTILUNDIR ERLENDUR
FROSINAR
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.398 KR/KG ❄️

Sparaðu um
helgina!



FLÓRIDANA ENGIFER 1L
ÁÐUR: 399 KR/STK
339 KR/STK



-36%

BAKE OFF
GULRÓTARBRAUÐ
ÁÐUR: 598 KR/STK
395 KR/STK



-36%

BAKE OFF
MAPLE PECAN MIDI 77 G
ÁÐUR: 199 KR/STK
79 KR/STK

Epli á tilboði

RAUÐ 321 KR/KG / 459 KR/KG
GRÆN 181 KR/KG / 259 KR/KG
GUL 181 KR/KG / 259 KR/KG
JÓNAGOLD KG. 132 KR/KG / 189 KR/KG
PINK-LADY KG. 349 KR/KG / 498 KR/KG
MACINTOSH POKAEPLI 1,36 KG
349 KR/PK / 498 KR/KG
BREBURN EPLI 750 G
279 KR/PK / 398 KR/KG
HONEY CRUNCH 4STK Í PK
419 KR/PK / 598 KR/PK

EPLA-
DAGAR
nettó



-30%

Jóladagatölin komin



SÚKKULADI DAGATÖL
VERÐ FRÁ:
199-598 KR/STK

Leikfangadagatöl
í úrváli



www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Stormur Sær brautakóngur 2016

Metþátttaka í Ratleik Hafnarfjarðar sem haldinn var í 19. sinn í sumar

Uppskeruhátíð Ratleiks Hafnarfjarðar var haldin sl. fimmtudag í Tónlistarskólanum og var vel mætt. Í Ratleiknum nýta þátttakendur sumarið til að leita að 27 merkjum sem staðsett eru víða um uppland Hafnarfjarðar og jafnvel inni í miðjum bænum. Með því móti kynnast þeir fjölbreyttri náttúru og söguminnjum sem eru svo margar við fótspor okkar. Markmið leiksins er einmitt að fá fólk til að kynnast upplandi bæjarins og njóta útivistar. Sem hvatning eru veitt verðlaun í þremur flokkum, Léttfeta, Göngugarpi og Brautakóngi en það verða þeir sem finna 9, 18 eða 27 merki.

90 manns fundu öll 27 merkin

Metþátttaka var í leiknum í ár og nærri því 30% fjölgun þátttakenda frá því í fyrra sem einnig var metár. 192 skiluðu inn lausnum, 90 höfðu fundið öll 27 merkin, 50 höfðu fundið a.m.k. 18 merki og 52 höfðu fundið a.m.k. 9 merki. Er þetta glæsilegt í ljósi þess að sum merkjanna eru langt úti í hrauni og sum ekki auðfundin. Fjöldmargir skiluðu ekki inn lausnum en engin skylda er að skila inn lausnum. Hins vegar er fólk hvatt til þess. Áætla má að ratleiksstaðir hafi verið heimsóttir á sjötta þúsund sinnum!

HEPPNIR

Alls voru 14 þeirra sem komu á uppskeruhátíðina dreginir út og fengu



Verðlaunahafarnir ásamt Guðna Gíslasyni umsýslarmanni leiksins síðustu 9 ár.

heldur úti síðunni www.ferlir.is sem er stútfulla af fróðleik um skagann.

Aðalstyrktaraðili leiksins var VHE ehf. en auk þess styrktu leikinn, Hafnarfjarðarbær, Altis, Fjarðarkaup, Fura, Gámaþjónustan, Valitor, Fjarðarfréttir, Þöll, Hress, Hafnarfjarðarhöfn, Burgerinn, Músik og sport og Hafis.

Úr innsendum lausnum eru dregin út vinningshafar og eftirfarandi eru því vinningshafar Ratleiks Hafnarfjarðar 2016:

ÞRAUTAKÓNGUR - 27 MERKI

1. sæti **Stormur Sær Eiríksson**, Kirkjuvöllum 7 - Árskort í Hress
2. sæti **Ingibjörg Sigursteinsdóttir**, Hraunkambi 9 - 6 mánaða sundkort frá Hafnarfjarðarbæ
3. sæti **Karl Halldórsson**, Grenibergi 9 - Göngustafir og sokkar frá Músik og sport

GÖNGUGARPUR - 18 MERKI

1. sæti **Sigrún Baldursdóttir**, Suðurvhammi 18 - 6 mánaða kort frá Hress
2. sæti **Valerie Maier**, Ölduslóð 43 - 15 þús. kr. gjafabréf frá Altis
3. sæti **Auður Þórhallsdóttir**, Blómvangi 14 - 6 mánaða sundkort frá Hafnarfjarðarbæ

LÉTTFETI - 9 MERKI

1. sæti **Kristján Þór Kristjánsson**, Hörgholti 39 - Lizard Hex úttivistarsandalar frá Fjallakofanum
2. sæti **Björk Kristjánsdóttir**, Smáraflöt 15, Gbæ - 3 mánaða kort frá Hress
3. sæti **Svavar Kjarrval**, Hátúni 10, Rvk. - 6 mánaða sundkort frá Hafnarfjarðarbæ.

20. RATLEIKURINN ÁRIÐ 2017

Næsta ár verður 20. Ratleikurinn lagður og má búast við að tímamótanna verði minnst með ýmsum hætti.



14 heppnir einstaklingar sem mættu á uppskeruhátíðina voru dreginir út og fengu vinning.

þeir vinninga sem fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði hafa gefið af rausnarskap.


RATLEIKURINN

Þetta var í 19. sinn sem leikurinn var haldinn en undanfarin 9 ár hefur Hönnunarhúsið séð um útgáfu leiksins í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Í ár, sem svo oft áður, var það fornleifafræðingurinn, leiðsögumaðurinn og aðstoðaryfirloðregluþjónninn Ómar Smári Ármannsson sem kom með hugmyndir að stöðum og skrifaði fróðleiksmola en enn er meðal fróðustu manna um sögu Reykjanesskagans og



Mjög fjölmennt var á uppskeruhátíðinni þó hún hafi verið boðuð með stuttum fyrirvara.

Vöfflubóð í Setrið



Dagur félagsmiðstöðva var 2. nóvember sl. og þá buðu krakkarnir í Setrinu, félagsmiðstöð unglínganna í Setbergsskóla foreldrum og eldri nemendum í heimsókn. Gestirnir voru ekki margir er blaðamaður Fjarðarfréttanna og foreldri kíkta í heimsókn. Var gleði yfir hópnunum og það ilmaði af vöflum í bland við kökuilm. Kom í ljós að súkkulaðikaka var í ofninum en strákarirnir í Setrinu höfðu alveg sjálfir séð um baksturinn með góðri aðstoð þökkunarfyrirtækja sem gerðu lífið svo einfalt.

Fjölbreytt starfsemi er í félagsmiðstöðvum grunnskólanna og gott samstarf þeirra á milli.



Allir bæjarstarfsmenn á Facebook

Fyrst sveitarfélag með „Workplace by Facebook“



Sl. fimmtudag varð Hafnarfjarðarbær fyrst sveitarfélaga á Íslandi og jafnvel í heiminum að opna fyrir aðgang allra starfsmanna á Workplace by Facebook samskiptamiðilinn. Vinnan fór af stað með teymi hjá Facebook fyrir rétt rúmlega mánuði síðan eftir að bænum var boðin þátttaka, þrátt fyrir að 60.000 fyrirtæki viðsvegar um heiminn hafi þá verið á biðlista eftir innleiðingu. Eitthvað þótti Facebook spennandi að fá sveitarfélag til liðs við sig og í hóp „early adopters“ hjá fyrirtækinu.

Alls eru starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar um 1.600 á tæplega 70 starfs-

stöðvum og fengu allir bollaköku með tákni Workplace by Facebook.

Innleiðingin er leið til að bæta flæði upplýsinga, þekkingarmiðlun og samskipti milli starfsmanna á fjölbreyttu sviði og ólíkum starfsstöðvum.

Einnig að tryggja að viðeigandi upplýsingar berist til allra starfsmanna og að starfsmenn geti með auknum hætti tekið beinan þátt í að sýna í máli og myndum þann fjölbreytileika sem ríkir í starfinu og þar með verkefnum innan okkar raða.

Kemur þetta að hluta í stað gamals innri vefs og á að fækka tölvupóstum.

Jólahlaðborð Fjörúkráarinnar

Hefst 18. nóvember og stendur til 17. desember

Nú er komið að okkar árlega jólahlaðborði sem verður með þjóðlegu sniði.

Söngvararnir okkar ganga á milli borða og syngja jólalög.

Að borðhaldi loknu tekur Einar Ágúst við og spilar frameftir kvöldi.

Kr. 8.900

Jólapakki

Gisting og jólahlaðborð

Tveggja manna herbergi 14.600 kr á mann
Ath. morgunmat er innifalinn í verði

Gerum tilboð í stóra sem smá hóp

www.fjorukrain.is - Pantanir: mottaka@fjorukrain.is



Fylgstu með okkur á Facebook Viking Village - Fjörúkráin og Hótel Viking

25. Lotto Open danskeppnin

Glæsilegir dansarar á öllum aldri kepptu og sýndu í íþróttahúsinu við Strandgötu



Audur Haraldsdóttir stýrði mótinu með mikilli röggsemi enda með einvala lið með sér.

Það var hátíðarstemningin í íþróttahúsinu við Strandgötu um síðustu helgi en þar hélt Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar 25. Lotto Open danskeppnina.

Á laugardeginum var keppt í öllum aldursflokjum en á sunnudeginum var keppt í Kombo keppni og Lotto liðakeppni.

Í Kombi keppninni var keppt í dansi með grunnaðferð í 3 aldursflokjum, 11 ára og yngri, ynglingar I og II og 16 ára og eldri. Kepptu þessir flokkar í 6 dösnum. Í meistara flokki í Kombi keppninni voru einnig 3 aldursflokkar, unglingar I og II, ungmenni og fullorðnir og kepptu þessir flokkar í 10 dösnum.

Lotto pör voru valin í dansi með grunnaðferð þau Ignas Pacevicius og Eva Lilja Bjarnadóttir og með frjálsri aðferð þau Aron Logi Hrnannarsson og Halldóra Ísold Þórðardóttir.

Var keppnin með fjölmennasta móti og mjög vel heppnuð.




Halldóra Ísold Þórðardóttir, Aron Logi Hrnannarsson, Eva Lilja Bjarnadóttir og Ignas Pacevicius Lotto pör ársins.

Öll úrslit má finna á www.dsi.is undir úrslit. Sjá fleiri myndir á Facebook síður Fjarðarfréttar.



Keppendur og sigurvegarar í Kombi keppninni, 11 ára og yngri.



Einbeitingin skein úr andlitunum.



Glæsileg sveifla! – T.h. sigurvegarar í Kombi liðakeppninni: Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Tristan Sölvi Jóhannsson, Halldóra Ísold Þórðardóttir, Aron Logi Hrnannarsson, Sara Rós Jakobsdóttir og Nicola Barbizi.



Sara Rós Jakobsdóttir og Nicola Barbizi úr DÍH sigruðu í Kombi keppninni.





Ljóm: Guðni Glásson

Keppendur og sigurvegarar í Kombi keppninni, í unglingaflokki.




Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson




Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Sara Rós Jakobsdóttir og Nicola Barbizi úr DÍH



Ljóm: Guðni Glásson

Halldóra Ísöld Þórðardóttir og Aron Logi Hrannarsson úr DÍH



Ljóm: Guðni Glásson

Sigurvegarar í Kombi keppninni 12-16 ára. T.v. Viktoría Kristína Sachartschenko og Elvar Kristinn Capunay frá DÍK.

SMÁUGLÝSINGAR

skrifstofuhúsnæði

Óska eftir skrifstofuherbergi til leigu í Hafnarfirði, helst í miðbænum. Uppl. í síma 849 8537.

þjónusta

Tölvuáðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple* & Windows. Kem í heimahús. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþrif. Kem og sæki. Tjörureinsun og bön verndar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is



Stjórn félagsins ásamt Hólmfríði við bautasteininn.

Þorkell Þorkelsson heiðursfélagi

Sjötti heiðursfélagi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar kjörinn á 70 ára afmælinu

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar fagnaði 70 ára afmæli sínu á laugardaginn með veglegu kaffisamsæti fyrir félagsmenn og velunnara.

Myrra Rós Þrastardóttir, barnabarn Hólmfríðar Finnbogadóttur, heiðursfélaga og fyrrum formanns og framkvæmdastjóra, lék á gítar og söng. Jónatan Garðarsson formaður rakti sögu félagsins og Magnús Jónsson sagði frá minningum sínum frá stofnfunði félagsins en hann var þá 11 ára gamall. Kom fram í máli hans að þegar tillaga um stofnun félagsins var lögð fram hafi hann fengið að kjósa, þrátt fyrir andmæli einhverra, vegna þess að hann hefði verið með á öllum stundum í aðdragandanum, með föður sínum Jóni Magnússyni í Skuld.

Kveðjur voru fluttar og félaginu færðar gíafir og ef eitthvað bjó undir gjöf Garðyrkjufélags Íslands, bók um býflugnarækt þá eigum við eftir að sjá fólk með net á höfði að sinni býflugna-búum á svæði félagsins í Höfðaskógi.

HEIÐURSFÉLAGI

Fimm manns höfðu verið útnefndir heiðursfélagar, Jón Magnússon, Björn Árnason og Geir Gunnarsson sem allir eru látnir og Svanur Pálsson og Hólmfríður Finnbogadóttir. Formaður rakti í löngu máli, að sið félagsins, ættir og sögu Þorkels Þorkelssonar sem lagt var til að yrði sjötti heiðursfélaginn. Jónatan upplýsti að Þorkell væri 75 ára gamall, jafngamall Charlie Watts trommuleikara Rolling Stones en rakti svo sögu hans. Þorkell var flugvirki og fór í ýmsar glæfraferðir m.a. var hann í áhöfn Gunnfaxes sem lenti á Bárðarbungu á Vatnajökli og tók sig á loft aftur. Eftir að hafa búið á Austurlandi flutti Þorkell suður og fór að venja komur sínar í Höfðaskóg. Eftir að hann hætti að vinna kom hann nánast daglega til að hjálpa til við ýmis verkefni og hefur verið manna duglegastur við að safna fræjum stafá- og fjallafuru.

Var Þorkell einróma kjörinn heiðursfélagi af öllum viðstöddum félögum og fékk hann merki því til staðfestingar.

Fyrir athöfnina var afhjúpaður bautasteinn til heiðurs Hólmfríði Finnbogadóttur en steinninn er rétt við Kaldárselsveginn, í landnemaspildu Hólmfríðar og Reynis Jóhannssonar.



Jónatan Garðarsson formaður, Þorkell Þorkelsson, nýr heiðursfélagi og Steinar Björgvinsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins.



Magnús Jónsson færði félaginu gamlan lampa útskorinn af Rikharði Jónssyni.



Jónatan Garðarsson formaður félagsins ávarpar samkomuna.



Þorkell Þorkelsson, Hólmfríður Finnbogadóttir og Svanur Pálsson.

Móðurmálið mitt



Tónleikar
Kvennakórs Hafnarfjarðar
og Karalakórs Hreppamanna
á degi íslenskrar tungu
Hásalir við Strandgötu
16. nóvember 2016
kl. 20:00

Stjórnendur: Erna Guðmundsdóttir og Elít Molnár
Píanóleikarar: Antonia Hevesi og Miklós Dalmay

Miðaverð 2.500 kr. - Frítt fyrir 12 ára og yngri.
Miðasala hjá kórkönun og við innganginn.

Hver er höfundurinn?

Um Hafnarfjörð menn hafa margt að segja,
þeir hald'ann mun bráðum fara að deyja
úr hor og deyfð og hugarvíli þungu
— og hrakspámar þar gægjast eins og vofur hérna í hrauninu —
fram úr hverri sprungu.
...

Hafnarfjörð menn ættu ei að níða
í orði og verki 'ann fremur reyna að prýða
til þess er bragur þessi einmitt gjörður,
— og finnst mér því vel sæma að ljúka máli mínu með þessum tveim orðum:
Lifi Hafnarfjörður!

Þekkir þú þennan brag sem er samtals 39 erindi ? Ekki er hann merktur neinum höfundi og væri gaman ef einhver gæti upplýst um hann.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

- 10. nóv. kl. 18, Ásvellir**
Haukar - ÍBV, úrvalsdeild karla
10. nóv. kl. 19.30, Hlíðarendi
Valur - FH, úrvalsdeild karla
12. nóv. kl. 14, Kaplakríki
FH - ÍR, 1. deild kvenna
12. nóv. kl. 16, Ásvellir
Haukar - Fylkir, úrvalsdeild kvenna
13. nóv. kl. 16, Varmá
Afturelding - Haukar, úrvalsdeild karla
14. nóv. kl. 19.30, Garðabær
Stjarnan - FH, úrvalsdeild karla
15. nóv. kl. 19.30, Framhús
Fram - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Gróttu: (miðvikudag)
ÍR - Haukar: (miðvikudag)
Haukar - Stjarnan: 22-28
Víkungur - FH: 22-25

Körfubolti:

12. nóv. kl. 19.15, Hlíðarendi
Valur - Haukar, úrvalsdeild kvenna
11. nóv. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - ÍR, úrvalsdeild karla
16. nóv. kl. 19.15, Njarðvík
Njarðvík - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Grindavík: (miðvikudag)
Njarðvík - Haukar: 98-71

ÚRSLIT KARLA:

Vestri - Haukar: 68-109 (bikar)
Álftanes - Haukar b: 62-104 (bikar)
Þór Ak. - Haukar: 96-93

Körfubolti karla

Tvö Haukalið mætast

Haukar sendu tvö lið til keppni í bikarkeppni karla í körfuknattleik. Haukar unnur Vestra í 32 liða úrslitum og Haukar b sigraði Álftanes.

Þegar dregið var fyrir 16 liða umferðina á þriðjudag dógust Haukaliðin saman og því er öruggt að Haukar verða með í 8 liða úrslitum.

Leikið verður 4. eða 5. desember.

Á DÖFINNI

Frá vinstri til hægri

Byggðasafn Hafnarfjarðar stendur í vetur fyrir fyrirlestraröðinni „Fróðleiksmolar“ í samstarfi við Fróða, félag sagnfræðinema við Háskóla Íslands. Fyrstu fyrirlestrar vetrarins verða haldnir í dag, fimmtudag kl. 20. Grétar Atli Davidsson flytur erindið Frá vinstri til hægri. Breytingar á pólitísku baklandi Ólafs Ragnars Grímssonar í forsetatíð hans og Bjartur Logi Fránn Gunnarsson flytur erindið Annálar og deilumál á 14. öld. Umræða og heimildagildi.

Fróðleiksmolarnir verða haldnir annan fimmtudag hvers mánaðar í vetur í Pakkhúsi Byggðasafnsins, Vesturgötu 6.

Hafnarborg

Í Sverrissal er sýningin Vor með portrettum Birgis Snæbjörns Bigissonar af þingmönnum. Í aðalsal safnsins er sýningin „Bygging sem vera og borgin sem svið“ þar sem Egill Snæbjörnsson er með innsetningu.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Mikil sala, vantar allar eignir á skrá, frítt söluverðmat.

Verðmetum samdægurs.

Sanngjörn sölupóknun.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*innSími: 555 7030
www.burgerinn.is

Börn björguðu drukknum veiðimanni við Óseyrarbryggju

Féll fram af bryggjunni og hékk í landfestum



Ljóm.: Guðni Gíslason

Krakkarnir við Flensborgarhöfn þar sem þau sigla reglulega. Staðurinn þar sem maðurinn féll er á innfelledu myndinni.

Fjórir 11 og 13 ára krakkar úr Siglinga-klúbbnum Þyt sýndu yfirvegun og útsjónarsemi á laugardagsmorgunn er þau sáu að maður, sem hafði verið við veiðar á Óseyrarbryggju, steig út af henni og féll niður. Náði hann í fallinu að grípa í landfestar Hólmasólar sem þar liggur og hékk hann þar. Maðurinn hafði ekki þrótt til að ná sér upp á bryggju og mikla líkur á að hann félli í sjóinn. Hann var í gallabuxum og í dúnlpu og ekki víst hvernig hefði farið hefði hann fallið ofan í án þess að neinn sæi til.

Krakkarnir Snorri Pétur Jökulsson, Tara Ósk Markúsdóttir, Elís Hugl Dagsson og Magnús Bjarki Jónsson skiptu með sér verkum. Voru þau á kajökum og sigldu tvö



Ljóm.: Guðni Gíslason

Tara Ósk Markúsdóttir, Magnús Bjarki Jónsson, Elís Hugl Dagsson og Snorri Pétur Jökulsson sem öll komu að björgun mannsins upp á eigin spýtur.

þeirra, Snorri Pétur og Tara Ósk, inn undir manninn og náðu að fá hann til að síga niður á bátana. Sögðu þau að litlu hefði munað að hann velti bátunum en lá svo þvert yfir bátana. Elís sigldi og sótti hjálpi í Þyt og var komið á þjónustubát og maðurinn tekinn um borð í hann og færður í land. Magnús tók saman eigur mannsins á bryggjunni en vinir mannsins sem er útlendur óku honum heim.

Hafði maðurinn blotnað eitthvað en féll þó aldrei alveg í sjóinn, þökk sér krökkunum og snöggri hugsun þeirra.

Sögðu þau í samtali við Fjarðarfréttir að hann hafi verið mjög drukinn og erfitt hafi verið að fá hann niður á bátana. Þau eru öll búin til að geta fallið í sjóinn en núna er samt farið að kólna og það er kalt að fara í sjóinn, jafnvel í blautgalla.



Frístunda- styrkur hækkar og lækkar

Frá 1. nóvember geta foreldrar barna, 6-17 ára fengið 3.000 kr. frístundastyrk á mánuði frá Hafnarfjarðarbæ. Hann var áður 1.700 kr. fyrir 6-12 ára og 2.250 kr. fyrir 13-16 ára en þá var hægt að fá niðurgreiddar 2 greinar.

Að sögn Geirs Bjarnasonar tómstundafulltrúa nýttu aðeins um 10% barna tvo styrki en segir þetta geti komið niður á þeim sem velja jaðargreinar. Hins vegar geta foreldrar deilt styrknum niður á greinar.

Er þetta hækkun fyrir foreldra barna í einni grein en lækkun fyrir foreldra barna í tveimur greinum. Hækki æfingagjöld samhliða getur ávinningurinn horfið fljótt.

FJARÐAR fréttirSmelltu á
LIKEog skoðaðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfréttar**FRÉTTASKOT**Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is